

1. McLuhan benti á að nýir fjölmiðlar hefðu alltaf fyrst í stað verið boðberar gamalla tíðinda og því væri það ekki innihald þeirra sem skipti máli þegar áhrif þeirra eða þýðing fyrir samfélagið væru könnuð. Þannig hefðu 90% alls efnis sem prentað var fyrstu tvær aldir prenttækninnar verið ættuð frá miðöldum. Sextánda og sautjándi öldin höfðu sökum þessa mun meiri aðgang að miðaldatextum en miðaldamenn sjálfir höfðu haft. Á sama hátt hóf sjónvarpið göngu sína með því að miðla gömlu efni að stórum hluta, ekki síst gömlum bíómyndum, og gerir það raunar enn. Netið er einnig gott dæmi þessa en þar er fyrst og fremst að finna efni sem einnig er hægt að finna á prenti eða í útvarpi og sjónvarpi. Enn hefur Netið varla fært okkur ný tíðindi. Áhrif þessara nýju miðla á skynjun mannsins á heiminum, hugsun hans og starfshætti eru hins vegar gríðarleg.
 - Ertu sammála að Netið hefur varla fært okkur ný tíðindi?
 - Hver telur þú vera mestu áhrif þessara miðla á skynjun og hugsun mannsins
2. McLuhan telur að um leið og nýja umhverfið er ósýnilegt gerir það umhverfi gömlu miðlanna sýnilegri. Iðulega breytir nýja umhverfið gömlu miðlunum í meinlaust listform. McLuhan tók oft dæmi af því hvernig gömlu bíómyndirnar, sem töldust hættuleg áróðurstæki fyrr á tíð, breyttust í saklaust listform við það að vera settar í nýjar umbúðir í bandarísku sjónvarpi þar sem þær voru sýndar undir heitinu "The Late Show". Enn skýrara dæmi þessa er vefstóllinn sem gegndi einu sinni mikilvægu hlutverki en varð að listformi með rafvæðingunni.
 - Eru sammála að nýja umhverfið er ósýnilegt?
 - Breytir nýja umhverfið því gamla í listform? Nefndu dæmi.

Nafnið á þessu verkefni: *McLuhan er merkingin* er vísun í fyrsta kaflann í bók Marshall McLuhan sem er talin vera hans áhrifamesta bók. Þessi kafli ber heitið: *Miðillinn er merkingin* eða *The medium is the Message*.

McLuhan hélt því fram að "merkilegustu skilaboð fjölmiðlanna væru þeir sjálfir, inntak þeirra og efni skipti sáralitlu máli fyrir sögulega framvindu en áhrif hinnar nýju tækni á skynjun mannsins og umhverfi skipti sköpum" (McLuhan, bls. 7). Það er athyglisvert að í þessari grein er alltaf talað um inntak og efni, eða inntak og innihald eins og þarna sé eitthvað tvennt á ferðinni. Samkvæmt málskilningi þessarar sem þetta ritar, þá eru þetta mismunandi hugtök (innihald, inntak og efni) yfir sama fyrirbærið.

McLuhan fyllyrðir svo í framhaldinu að það sem mestu skipti við fjölmiðla væri hvaða áhrif þeir hefðu á notandann, eða eins og hann orðaði það: "...að inntak allra miðla og tækni fælist í notanda þeirra rétt eins og inntak ljóðs væri lesandi þess" (McLuhan bls. 12). Út frá þessum orðum má skilja að orðið inntak merki þann sem notar fjölmiðilinn og þann sem les ljóðið, en ekki efnisinnihald fjölmiðilsins eða ljóðsins.

McLuhan er með öðrum orðum að tala um að mestu máli skipti hvaða áhrif miðillinn hefur á lesandann eða notandann en ekki hvert innihald miðilsins er. Trúlega má þó fullyrða að áhrifin sem lesandinn verður fyrir við lestur, áhorf eða hlustun á tiltekinn miðil hafi eitthvað með innihaldið að gera. Sömuleiðis er hægt að fullyrða að þeir sem nota tiltekinn miðil eru mismunandi og því eru áhrifin sem miðlun sama efnis hefur á einstaklinga mismunandi.

Fullyrðing McLuhans um að nýir fjölmölar hefðu alltaf fyrst í stað verið boðberar gamalla tíðinda gildir örugglega um alnetið (internetið) eins og um aðra nýja miðla sem mannkyn hefur innleitt. Frá töluðu máli yfir í ritmál og frá kvikmyndum yfir í sjónvarp má segja að í báðum tilfellum er það ekki innihaldið sem breytist heldur fyrst og fremst mátturinn til að dreifa efninu. Með því að skrá niður hugsanir sínar og dreifa þeim á rituðu formi, nær einstaklingur til fleiri aðila en með því að mæla eingöngu af munnni fram. Kvikmyndir sem eru sýndar í kvikmyndahúsum ná eingöngu til þeirra sýningargesta sem eru í tilteknum kvikmyndasal hverju sinni, en kvikmynd sýnd í sjónvarpi nær til allra heimila sem hafa skilyrði til að móttaka sendinguna og því útbreiðslan mun meiri. Á sama hátt má segja að alnetið nái til einstaklinga út um allan heim og útbreiðsla þess er því meiri en nokkurrar sjónvarpsstöðvar. Efnið sem alnetið geymir er þannig tiltækt mun fleiri einstaklingum en áður hefur þekkt með nokkurn fjölmiðil. Innihald alnetsins er hins vegar ekki að öllu leyti nýtt, það hefur að geyma kvikmyndir, vísindagreinar og svo framvegis sem hægt er að nálgast á öðrum miðlum. Það er hins vegar útbreiðslan, eða möguleikinn til dreifingar sem er sérstakur við alnetið.

En er þá ekkert nýtt við alnetið? Svárið við þeirri spurning er ekki einfalt. Á alnetinu er hægt að komast í leitarvélar og finna í sviphendingu upplýsingar sem áður voru "lokaðar" í bókum og tímaritum í bókasöfnum, í hugum sérfræðinga, á veggjum listaverkasala eða á tjöldum kvikmyndahúsa. Alnetið gefur möguleika á að nálgast þessar upplýsingar hratt, þaðan sem einstaklingur er staddur hverju sinni og kemst í nettengda tölvu. Alnetið gefur einnig möguleika á samskiptum manna á milli, óháð stund og stað sem ekki er möguleiki í öðrum miðlum og má segja að sá eiginleiki alnetsins sé nýr og einstakur fyrir þann miðil.

Áhrif alnetsins á skynjun og hugsun mannsins eru án efa í þá átt að færa fólk nær hvert öðru. Fjarlægðir hafa fengið nýja merkingu þegar fólk af allri jarðarkringlunni getur verið í samskiptum sín á milli og vegalengdir eða tími eru ekki takmarkandi. Við getum lesið það sem er sett á alnetið næstum um leið og það birtist, hvar sem er í heiminum og við getum verið í samskiptum okkar á milli án tillits til búsetu. Þannig hefur alnetið stuðlað að því að gera okkur öll að íbúum í sama heimsþorpinu. Tilfinningin fyrir því að við séum öll nágrannar í þessu heimsþorpi, sem eiga sömu hagsmuni er tilfinning sem mannkyn hefur aldrei áður búið við.

Maðurinn er alltaf mjög fljótur að tileinka sér nýjungar. Nýtt umhverfi verður fljótt hluti af daglegu lífi hans. Það er erfitt fyrir okkur að meta gildi nýjunga, til þess eru þær of tengdar daglegu lífi okkar. McLuhan orðaði þetta þannig að: "Ástæðan fyrir því að hið nýja umhverfi er ósýnilegt er sú að það mettar athyglissvið okkar." (McLuhan, bls. 20) Tíminn hefur gefið okkur fjarlægð á gamla umhverfið og við getum því betur metið gildi þess. Alnetið er svo samofið lífi okkar að við getum ekki metið áhrifamátt þess. Okkur finnst sjálfsagt að við getum horft á atburði sem gerast víðsfjarri okkur á nánast sömu stundu og þeir gerast. Við getum horft á og lesið það sem aðrir birta á netinu og við getum sett skoðanir okkar og athugasemdir inn hvenær sem við viljum. Þannig er alnetið einn alsherjar fjölmiðill sem við öll eigum þátt í að búa til og efni flæðir á milli okkar allra hindrunarlaust. Hvaða gildi þetta hefur fyrir líf okkar er erfitt að meta á þessari stundu, því líf okkar eru svo samofin þessari nýjung. Það verður ekki fyrr en frá líður að við getum gert okkur betur grein fyrir þeirri byltingu sem alnetið er.

Það er athyglisverð fullyrðing McLuhans um að ef fólk veitir hinu nýja umhverfi athygli, þá hneigist það til að skynja það á neikvæðan hátt eða eins og hann orðar það: "...fólki þykir hið nýja umhverfi iðulega spilt og til óþurftar." (McLuhan, bls. 20) Í huga þeirrar sem þetta skrifar koma upp í þessu samhengi minningar um skoðanaskipti fólks í árdaga sjónvarpsins um hvort þessi nýi miðill mundi ganga að þjóðmenningunni dauðri eða efla hana. Með tilkomu myndbandstækja hafði fólk miklar áhyggjur af að þau gerðu bækur óþarfar og síðan að netið með öllu því sem þar er væri til þess eitt fallið að dreifa klámi og óhróðri.

Segja má að með tilkomu nýs umhverfis, breytist það gamla í listform, sem dæmi má taka að ljósmyndun varð listgrein eftir að kvikmyndir komu fram. Fram að tíma kvikmyndanna var ljósmyndun bara aðferð til að fanga raunveruleikann. Kvikmyndir losuðu ljósmyndarann undan þeirri kvöð að taka myndir af fólki og umhverfi eins og það er, hann gat farið að nota myndavélina á listrænan hátt og túlka með henni skynjun sína og líðan. Á sama hátt varð listmálun listgrein eftir að ljósmyndun kom til sögunnar. Fram að tíma ljósmyndarinnar var listmálari stöðugt að mála fólk og umhverfi á þann hátt sem augu hans greindu, en gat farið að mála túlkun sína á hinum svo kallaða raunveruleika eftir að ljósmyndavélin kom fram. En hefur alnetið breytt sjónvarpinu í listform? Það er spurning, alla vegana má staðhæfa að með tilkomu alnetsins hafi vídeólist blómstrað og er sú listgrein í mikilli þróun á okkar tímum.

Þar með læt ég lokið umfjöllun minni um *McLuhan er merkingin* og hefur þetta verið forvitnilegt efni, en hvort mér hefur tekist að höndla boðskap McLuhans skal ósagt látið.

Reykjavík 14. mars 2017
Sigurlaug Kristmannsdóttir

Heimildaskrá

McLuhan, Marshall, "Miðillinn er merkingin" Þröstur Helgason þýddi, í "Marshall, McLuhan: Miðill – Áhrif – Merking, Þröstur Helgason ritstýrði, Atvik, Reykjavíkur Akademían, Reykjavík, 2005.